

Reykjavík, 15. nóvember 2023

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefnasvid@althingi.is
154. löggjafarþing 2023-2024
Þingskjal 355 – 348. mál
Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 (raforkuöryggi o.fl.)

Efni: Umsögn Norðuráls vegna frumvarps til laga um breytingu á raforkulögum (raforkuöryggi o.fl.)

Norðurál þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um drög að breytingum á raforkulögum.

Núverandi stöðnun á uppbyggingu raforkuinnviða og skortástand á raforkumarkaði á Íslandi er óásættanleg fyrir samfélagið allt. Norðurál tekur því undir ítarlega umsögn Samtaka iðnaðarins vegna þessa frumvarps.

Skilaboðin sem fyrirtæki landsins fá með því að stjórnvöld kjósi að setja fyrirliggjandi mál í forgang í stað þess að forgangsraða tíma og vinnu í að styrkja raforkukerfið og endurræsa algjörlega staðnað virkjunarferli, eru þau að ekki standi til að bæta ástandið á næstunni.

Ekki er hægt að sjá að þetta frumvarp breyti nokkru eða leysi nokkuð varðandi stöðu raforkumála þar sem raforkulög, reglugerð nr. 513/2003 og netmáli Landsnets C.5 taka nú þegar á aðstæðum sem geta kallað á skömmtnun. Verður því að telja að ef stjórnvöld hafi áhuga á að skerpa á forgangsröðun raforkunotenda þá sé rétta leiðin að gera það í gegnum reglugerð.

Nú þegar skerðir Landsnet fyrirtæki, þ.m.t. Norðurál, reglulega vegna „umframeftirspurnar“ þ.e. þegar raforkuframleiðsla nær ekki að sinna eftirspurn og kerfisþjónusta dugir ekki til að brúa bilið. Almennir notendur verða ekki fyrir skerðingu í þessum tilfellum. Skerðingarnar eru gerðar með tilvísun í fyrrnefndan netmála, reglugerð og raforkulög. Óljóst er hvort að fyrirliggjandi frumvarp telji slíkar aðstæður falla undir „óviðráðanleg atvik“ og gætu gefið tilefni til skömmtnunar, eða ekki. Frekar ætti að leggja áherslu á að nægt framboð sé fyrir þá raforku sem þörf er á og að Landsnet taki upp ný markaðsúrræði til að auka framleiðslu eða draga úr eftirspurn, eins og þekktist erlendis.

Tilgangur fyrirliggjandi frumvarps er m.a. að setja raforkunotendur á smásölumarkaði í var gegn raforkuskorti. Það kemur Norðuráli því undarlega fyrir sjónir að til umfjöllunar sé raforkuöryggi á heildsölumarkaði, þar sem heildsölumarkaður er skilgreindur sem raforkumarkaður í heild sinni utan smásölu. Norðurál telur mun vænlegra að greina raforkuöryggi á raforkumarkaði í heild sinni. Mögulegt er, með vísan til orkuskipta sem stefnt er að á Íslandi, að aðstæður skapist þar sem raforkuframleiðsla helst stöðug og raforkunotkun allra á raforkumarkaði utan almennings helst stöðug en þörf almennings eykst. Er sanngarnt að stærri fyrirtæki landsins verði fyrir skömmtnun í slíkum aðstæðum?

Frumvarpið tekur ekki á þeirri spurningu hvort að fyrirtæki geti átt það á hættu að lenda í tvöfaldri skerðingu, þ.e. annars vegar vegna samningsákvæða um skerðingu og hins vegar vegna skömmtunar. Gera verður kröfu um að slíkt sé skýrt í frumvarpi af þessu tagi.

Eins er Norðuráli spurn, hver sé ábyrgð orkusölufyrirtækja að ofsella ekki raforku og ábyrgð stjórnvalda að tryggja að aðgangur að raforku sé nægur fyrir fyrirtæki og almenning í landinu á næstu árum í takti við háleit markmið og loforð stjórnvalda hvað varðar orkuskipti?

Núverandi mynd frumvarpsins vekur fleiri spurningar en það svarar og tekur tíma og vinnu frá að leysa núverandi raforkuskort. Norðurál vonar að stjórnvöld bretti upp ermarnar og takist á við stærstu og alvarlegustu áskoranirnar í raforkumálum sem fyrst.

Virðingarfyllst,
Guðrún Halla Finnsdóttir
Framkvæmdastjóri verkefnaþróunar
gudrunhalla@nordural.is
f.h. Norðuráls